

**Ed.**

**364. Frumvarp**

til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

48. gr. laganna orðist svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið 3 kr. fyrir hvern fullan tug hrepps-  
búa. Þó mega laun hans eigi nema meiru en 190 kr. og ekki minnu en 60 kr.  
Þóknun þessi greiðist úr sveitarsjóði.

2. gr.

76. gr. laganna orðist þannig:

Hver sýslunefndarmaður fær í fæðispeninga og ferðakostnað úr sýslusjóði  
6 kr. hvern dag, frá því er hann fer að heiman á sýslufund til þess er hann  
kemur heim aftur.

3. gr.

Laun hreppsnefndaroddvita um fardagaárið 1917—18 skulu reiknuð að  
öllu leyti samkvæmt ákvæðum 1. gr.